

IV. KAFLI.

Um niðurfellingu reglugerðar og samþykktar fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

4. gr.

Frá og með 27. maí 1987 er úr gildi felld reglugerð nr. 62 4. febrúar 1982 um Iðnaðarbanka Íslands hf. svo og samþykktir Iðnaðarbanka Íslands hf. ásamt síðari breytingum á þeirri samþykkt.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 86 4. júlí 1985 um viðskiptabanka og vegna gildistöku nýrra samþykktar fyrir hlutafélagsbanka skv. 55. grein laga nr. 86/1985 til að öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Tryggvi Axelsson.

27. maí 1987

Nr. 237

REGLUR

um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

1. gr.

Orðskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglum þessum hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Alþjóðasamþykktin. Alþjóðasamþykkt um skipamælingar undirrituð í London 23. júní 1969.

Brúttótonnatala. Mæling á heildarstærð skips, eins og hún er ákvörðuð, sem kveðið er á í reglum þessum.

Nýtt skip. Skip, sem kjölur er lagður að, eða er á svipuðu byggingarstigi eftir 1. júlí 1987.

Gamalt skip. Skip, sem ekki er nýtt.

Lengd. 96% af heildarlengd sjólínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólínu, ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjölhalla, skal sjólinan, sem lengd þessi mælist á, vera samhliða hannaðri sjólínu.

Mælingalengd. Fjarlægð á milli tveggja punkta og er fremri punkturinn þar sem neðri flötur efra þilfars mætir innri brún byrðings við stefni, ef skipið hefur málmbyrðing, og að ytra fleti byrðings við stefni, á skipi með byrðing úr öðru efni. Aftari punkturinn er þar sem neðri flötur þilfars mætir byrðing í skut á sama hátt og fremri punkturinn. Mælingalengd skipa, sem ekki hafa þilfar, skal vera fjarlægðin milli ytri stafna við efri brún borðstokks.

Mótuð dýpt. Fjarlægðin, mæld lóðrétt frá efri brún kjalar að neðra fleti þilfars við skipshlið. Í tréskipum, hvort sem smíðuð eru á tré eða járnbönd, skal fjarlægðin mæld frá neðri brún spúnningar við kjöl. Sé form neðra hluta miðbandsins holt eða kjalsýjur þykkar, skal fjarlægðin mæld frá þeim punkti, sem framlengd lína flata hluta botnsins, sker hlið kjalarins.

Á skipum með ávala þröm skal mótuð dýpt mæld að skurðpunkti mótaðra lína þilfars og útsúðar framlengdum þannig, að þær myndi horn hvor við aðra.

Par sem þrep er á efra þilfari og lyfti hluti þess nær yfir þann stað, sem mæla á mótuðu dýptina, skal hún mæld frá framhaldslínu lægri hluta þilfarsins dreginni samsíða lyfta hlutanum.

Mælingadýpt. Fjarlægð mæld frá neðri fleti efra þilfars, að innri brún byrðings við kjöl eða að innri fleti kjölplötu á skipum með málmbyrðing, en frá neðri fleti efra þilfars að ytra fleti byrðings við kjöl á skipum með byrðing úr hverskonar öðru efni.

Mælingadýpt skipa, sem ekki hafa þilfar, skal vera fjarlægðin frá efri brún borðstokks að efri brún kjalar eða spónfarslínu, eftir því hvor dýptin er meiri, þegar sú fjarlægð er mæld á miðri mælingalengd.

Efra þilfar. Efsta heila þilfarið, sem mætir ágangi veðra og sjávar, með fastabúnaði til veðurbéttrar lokunar allra opa á þeim hluta þess, sem áveðurs er, enda hafi öll þau op á hliðum skipsins, sem eru fyrir neðan það þilfar, fastabúnað til vatnsþéttar lokunar þeirra. Á skipum með lyftu efra þilfari, skal lægsta lína óvarða þilfarsins og framlenging hennar samsíða lyfta hlutanum teljast efra þilfar.

Breidd. Breidd skips er mesta breidd þess, mæld miðskipa innan á byrðing á skipi með málmbyrðing en að ytri brún byrðings á skipi úr hverskonar öðru efni.

2. gr.

Gildissvið.

- 2.1. Reglur þessar ná til allra skráningarskyldra skipa undir 24 metrum að lengd.
- 2.2. Reglurnar skulu gilda um:
 - a) ný skip,
 - b) gömul skip, sem gerðar eru verulegar breytingar á eftir að reglur þessar taka gildi,
 - c) gömul skip, ef eigendur þeirra óska eftir endurmælingu,
 - d) öll önnur gömul skip frá og með 1. janúar 1994.
- 2.3. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglna, þegar um er að ræða skip afbrigðilegrar gerðar eða skip, sem einungis er heimilt að nota til sérstakra verkefna innan afmarkaðra svæða.

3. gr.

Mæling skipa með þilfari.

- 3.1. Við mælingu skipa með þilfari, skal fara eftir ákvæðum viðauka I í alþjóðasamþykktinni eftir því sem við á.
 - 3.2. Til ákvörðunar á rúmmáli skips undir efra þilfari skal beita þeim mæli- og reikniaðferðum er hér segir:
 - 3.2.1. Farið skal eftir 2. reglu (1), (2), (3), (4), (5), (6), (7) og (8) í viðauka I í alþjóðasamþykktinni við skilgreiningu á hugtökum sem notuð eru.
 - 3.2.2. Mælingalengdinni skal skipt í jafna hluta eins og hér segir:

Fyrir skip, sem eru 15,0 metrar og styttri, skal skipta niður í 6 jafna hluta. Fyrir skip yfir 15 metrum skal skipta mælingalengd niður í 8 jafna hluta. Heimilt er að skipta mælingalengd í fleiri hluta og einstökum hlutum í minni hluta, ef ástæða þykir til.
 - 3.2.3. Þverskurðarflatarmál flatanna milli hlutanna skal síðan fundið með því að skipta mældri dýpt hvers þverskurðar niður í 4 jafna hluta ef dýptin er minni en 6 metrar, 6 jafna hluta ef dýptin er 6 til 12 metrar og 8 jafna hluta, ef dýptin er 12 metrar eða meiri. Skipta má hverjum þverskurði niður í fleiri hluta og hverjum hluta í minni hluta, ef þurfa þykir.
- Allar breiddir skulu mældar út að byrðing í skipum með málmbyrðing, en að ytri hlið byrðings í skipum, sem hafa byrðing úr hverskonar öðru efni.

- 3.2.4. Við útreikning á flatarmáli þverskurða og rúmmáli undir þilfari samkv. liðum 3.2.2. og 3.2.3. skal nota Simpsons reglu.
- 3.2.5. Heimilt er að samþykkja aðrar reikniaðferðir við ákvörðun á rúmmáli undir þilfari, ef þær gefa sömu eða betri nákvæmni.
- 3.3. Til ákvörðunar á rúmmáli reisna og annarra yfirbygginga skal beita þeim mæli- og reikniaðferðum er hér greinir:
- 3.3.1. Mæla skal á milli innri flata útveggja og frá þilfari til þilfars með eðlilegri nákvæmni.
- 3.3.2. Í rýmum með réttar síður og þilfarsfleti, skal heimilt að nota einfaldari reikniaðferðir. Í rýmum með bogadregna fleti skal mæla minnst 3 breiddir eða lengdir eftir því sem við á og reikna út flatarmál og rúmmál með Simpsons reglu.
- 3.4. Brúttótonnataka skipa undir 15 metrum að lengd skal vera sú stærð, sem fæst þegar brúttótonnataka skipanna samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar er margfölduð með 0,92.
- 3.5. Brúttótonnataka skipa 15 metrar að lengd og lengri, en undir 24 metrum, skal vera sú stærð, sem fæst þegar brúttótonnataka skipanna, samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar, er margfölduð með eftirfarandi stærð $0.92 + 0.08 \frac{(L-15)}{9}$.
- L er lengd skipsins samkvæmt skilgreiningu 1. greinar.
- 3.6. Nettótonnataka skipa undir 24 metrum skal vera sú stærð, sem fæst, þegar brúttótonnataka skipanna, samkvæmt ákvæðum liða 3.4 og 3.5 er margfölduð með 0.368.
- 3.7. Rúmmál skipa undir 15 metrum að lengd má ákvarða með eftirtfarandi jöfnu $V = L \times B \times D \times 0.65$, þar sem L, B og D eru mælingalengd, breidd og mælingadýpt skipsins samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Skal þá hvorki tekið tillit til skrokklags eða mannvirkja ofan þilfars.
- Þegar brúttótonnatalan er fundin á grundvelli rúmmáls, sem ákvarðað er á ofangreindan hátt, skal nettótonnatalan fundin með því að margfalda brúttótonnatöluna með 0.3.

4. gr.

Mæling skipa án þilfars.

- 4.1. Fyrir skip án þilfars skal brúttótonnatalan fundin með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Brúttótonnataka} = \frac{L \times B \times D}{5.27}$$

- L, B og D eru mælingalengd skipsins, breidd og mælingadýpt samkvæmt skilgreiningu 1. greinar.

5. gr.

Framkvæmd mælingar.

- 5.1. Áður en smíði skips hefst, eða svo fljótt sem verða má eftir að smíði hefst, skal eigandi eða skipasmíðastöð senda Siglingamálastofnun ríkisins útreikninga á brúttó- og nettótonnatölu skipsins. Útreikningarnir skulu á skýran hátt tilgreina staðsetningu þverskurða, öll mæligildi og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðreyna mælingu.
- 5.2. Áður en skip, sem keypt er erlendis frá, er skráð hér á landi, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins útreikninga, sem greina frá stærð skipsins samkvæmt reglum þessum.
- 5.3. Útreikningum á brúttó- og nettótonnastærð skipa skulu fylgja eftirfarandi teikningar, eftir því sem við á:
- Fyrirkomulag.
 - Línuteikning eða bandariss.
 - Miðband.
 - Langskurður.
 - Yfirbygging, þ.m.t. öll mannvirki ofan efra þilfars.

Teikningar skulu varðveittar hjá Siglingamálastofnun ríkisins sem fylgiskjal með mælingaskýrslum.

Siglingamálastofnun ríkisins getur krafist þess að fá í hendur aðrar teikningar, ef framlagðar teikningar teljast ófullnægjandi.

- 5.4. Tilkynna skal Siglingamálastofnun ríkisins um breytingar á skipum, sem áhrif hafa á mælingu þeirra og senda inn teikningar af þeim breytingum.

6. gr.

Mælibréf.

- 6.1. Skip, sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð íslenskt mælibréf útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 6.2. Siglingamálastofnun ríkisins getur heimilað yfirvöldum annarra ríkja að gefa út mælibréf samkvæmt reglum þessum til bráðabirgða.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

- 7.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- 7.2. Mælibréf útgefið samkvæmt áður gildandi mælingareglum, skulu halda gildi sínu, svo fremi að ekki hafi verið gerðar meiriháttar breytingar á skipinu eftir gildistöku þessara reglna, sbr. 2. gr. þessara reglna.

Samgönguráðuneytið, 27. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun, nr. 260 6. maí 1980.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Á umbúðum skal greina sláturmánuð og ár, hvaða tegund alifugla eða afurða umbúðir hafa að geyma, flokkun, magn eða þyngd, svo og heppilega meðferð vörunnar fyrir matreiðslu. Á allar umbúðir skal skrá eftirfarandi: Látið fuglinn þiðna í umbúðunum og gætið þess að vökvinn úr kjötinu komist ekki í aðra matvöru eða á matreiðsluáhöld og búnað. Strax að lokinni þiðingu skal fuglinn steiktur vel eða soðinn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.